

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Auk þeirra verðuppbóta, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, er heimilt að greiða úr ríkissjóði 12.5 milljónir króna til að bæta útgerðarmönnum tjón á fiskinetum, er þeir hafa orðið fyrir á vetrarvertíð 1967. Landssamband íslenskra útvegsmanna skal ráðstafa þessu fé í samráði við Fiskifélag Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.